

## Fundargerð Menningarmálanefndar Skaftárrepps

103. fundur Menningarmálanefndar Skaftárrepps haldinn 11. maí 2021, kl 17:00 á Kirkjubæjarstofu á Klausturvegi 4

Mætt eru á fundinn: Gunnar Erlendsson, Lilja Magnúsdóttir og Guðmundur Fannar Markússon.

1. Menningarmálanefnd Skaftárrepps hefur borist styrkumsókn frá listamönnunum Yottazetta til að setja upp myndlistarsýningu í gamla gistihausinu í sumar. Sýningin tengist sögu litlu rafstöðvanna og Gullmolnum, listaverkinu á brún Klausturfjallsins. (Lilja Magnúsdóttir yfirgefur fundinn). Þuríður Helga Benediktsdóttir kemur inn í hennar stað. Samþykkt að veita 300 þús kr styrk til að tvíeykið geti sett upp sýninguna í sumar. Tekið af lið 0589 í fjárhagsáætlun til menningarmálanefndar. YottaZetta eru þær Ólöf Rún Benediktsdóttir og Rán Jónsdóttir.
2. Samþykkt að halda áfram að vinna að því að fá tónlistarmenn á vegum Tónaseriunnar. Enn er 50 manna samkomutakmarkanir og 2 metra fjarlægð milli manna þannig að við viljum hinkra aðeins. Samþykkt að Lilja sendi inn áfangaskýrslu til SASS og skýra tafir á að nýta þennan styrk.
3. Öskuminningar. Hátíð í tilefni þess að 10 ár eru liðin frá Grímsvatnagosinu 2011. Menningarmálanefnd og starfsfólk Vatnajökulabjóðgarðs sér um hátíðina sem verður laugardaginn 5. júní 2021. Farið yfir dagskrána og rætt um framkvæmdina. Drög að dagskrá verði birt á Klaustur.is og víðar. Samþykkt að halda annan fund með starfsmönnum VJP og ræða um nánari útfærslu á hátíðarhöldunum.

Fundi slitið *10.30*  
Fundarritari Lilja Magnúsdóttir

*Lilja Magnúsdóttir  
Guðmundur F. Benediktsson  
Gunnar Erlendsson  
Götuvaldur F.*

Kópavogi 10. maí 2021

Til Gunnars Erlendssonar, formanns Menningarmálanefndar Skaftárhrepps

Burstasteinn, rekstraraðili gamla gistihússins á Kirkjubæjarklaustri býður listasamsteypunni Yottazetta að halda sýninguna í húsnæðinu 17. júní -15. júlí 2021. Ekki þarf að greiða fyrir sýningaraðstöðuna en ýmis annar kostnaður fellur til: akstur frá Reykjavík þar sem listamennirnir búa og vinna við listaverkin og við uppsetningu sýningarinnar. Fæði og húsnæði fá listamennirnir frá velviljuðum Skaftellingum.

**Sótt er um 300 þús kr styrk til að koma til móts við aksturskostnað og vinnu listamannanna.**

Í sýningunni Hvalreki tekst Listasamsteypan YottaZetta á við sögu smávirkjana á Íslandi og menninguna sem þeim tengist. Listamennirnir gera sér fyrstu skref rafvæðingar á íslandi að viðfangsefni og vefja efni sýningarinnar saman við sýningaráðinn og sögu staðarins. Sýningin verður í Gamla gistihúsinu á Kirkjubæjarklaustri ásamt útilistaverkinu Gullmolinn á Klausturfjalli.

Þungamiðja sýningarinnar er umhverfislistaverkið Gullmolinn, staðsett á brún fjallsins fyrir ofan Kirkjubæjarklaustur, það er gullmálað inntakshús heimavirkjunar sem hefur verið starfrækt frá árinu 1912, en verkið var sett upp árið 2020, ásamt upplýsingaskilti við listaverkið.

Sýningin er auk umhverfislistaverksins Gullmolans: skyssur, ljósmyndir og textar sem skrásetja undirbúningsferli verksins, auk tvívíðra og þrívíðra verka sem gera sér smávirkjanasögu Íslands að viðfangsefni á einn eða annan hátt. Verkin eru afrakstur áralangs rannsóknarferlis sem Yottazetta hefur unnið að við gerð útilistaverksins. Gamla gistihúsið á Kirkjubæjarklaustri stendur við fjallsræturnar beint fyrir neðan Gullmolann. Gistihúsið tengist verkinu mjög bókstaflega, en rafmagnið í húsinu var úr virkjunninni áratugum saman en virkjunin starfar enn, eldri húsin á hlaðinu og býlin tvö á Kirkjubæjarklaustri II og Kirkjubær II, ljósið á Systrafossi og Minningarkapellunni fá rafmagn frá virkjunninni

YottaZetta er mjög hugleikin þau straumhvörf sem urðu í lifnaðarháttum á Íslandi með tilkomu rafmagnsins. Vatnsaflsvirkjanir veittu yl og varma án sótsins og stybbunnar sem fylgdi lýsislömpum og olíukyndingu. Lífskjör fólks, sér í lagi litt efnaðs almennings sem ekki hafði efni á finni rafmagns- eða heitavatnskyndingu, tók stakkaskiptum, auk þess sem iðnaður blómstraði og hagvöxtur í landinu jókst, og vinnutitill sýningarinnar, Hvalreki, er einmitt vísun í það hversu mikil búbót ein smávirkjun var fyrir bændur. Það er kannski ekki undarlegt að mörgu eldra fólk hitni í hamri þegar yngra fólk er á móti virkjanaframkvæmdum, enda muna þau tíma þar sem fólk bjó í rafmagnslausum kytrum sem voru hitaðar með því að brenna tað eða olíu og birtan kom frá lýsislömpum, og loftgæði innanhúss hafa verið tölувert önnur en við sem ólumst upp í rafvæddum húsum eigum að venjast.

Litlu bæjarlækjarvirkjanirnar lutu síðan í lægra haldi fyrir stórvirkjunum fyrir stóriðju og háspennulínum: hinu svokallaða “ríkisrafmagni”. Í dag er hinsvegar dæmið að snúast við og í hinni nýju umhverfis- og orkustefnu Evrópubandalagsins “Clean energy for all” er sleginn nýr tónn með áherslu á umhverfisvæna orkuframleiðslu “heima í héraði” og sérstaklega skal hlúa að neytendum sem hafa ekki sterka efnahagslega stöðu. Þessi stefna á sér samnefnara í þeirri útbreiðslu virkjana sem varð á Íslandi snemma á tuttugustu öld þegar Skaftellingarnir Bjarni í Hólmi og fleiri voru upp á sitt besta og byggðu túrbínur úr strandgóssi og

virkjanir fyrir alla þá sem höfðu þörf fyrir. Gullmolinn stendur sem minnisvarði um þessa gullöld lítilla heimavirkjana á þessum núllpunktí virkjanavæðingar Íslands.

YottaZetta er listatvíeyki sem samstendur af Ólöfu Rún Benediktsdóttur og Rán Jónsdóttur myndlistakonum. Ólöf og Rán voru á sama tíma í BA námi í myndlistadeild Listaháskóla Íslands og Rán tók MA gráðu frá sömu deild í framhaldi af BA námi sínu.

Ólöf hefur starfað sem skáld og myndlistarmaður eftir útskrift, hún hefur sett upp sýningar víðsvegar um land, þ.á.m í Alþýðuhúsínu á Siglufirði, í verksmiðjunni á Hjalteyri og á LUNGA á Seyðisfirði. Undanfarið hefur hún verið að mennta sig í tónlist og hljóðtækni, en í nýrri verkum hennar mætast myndlistin og hljóðlistin.

Rán er með msc gráðu í verkfræði og starfar sem verkfræðingur og myndlistarmaður auk þess sem hún rekur eigið fyrirtæki: Hálogi Distillery Reykjavík.

Rán og Ólöf hófu að vinna saman árið 2015 og héldu sýningu í Anarkía Listasal í Kópavogi í byrjun árs 2016. Það var sameiginlegur áhugi á iðnaðarefnivið sem að dró þær saman og í gegnum samstarfið hafa þær kannað íslenska iðnaðarrómantík og tengsl kvenna og hins rómantískra kvenleika við þann heim, sem oft koma fram sem skýrar andstæður en á öðrum stundum samræmast og samtvinnast á óvæntan hátt.

Með kveðju og von

Rán Jónsdóttir og Ólöf Rún Benediktsdóttir

#### Fjárhagsáætlun:

Fara þarf 2 ferðir austur á Klaustur frá Reykjavík 2x52000	104 000 kr.
Vinna við skyssur og ljósmyndirnar og myndlistarverk	
40 tímar á hvora listakonu 80 x 4500 (taxti frá SASS)	360 000 kr.